



8. janúar 2021

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-273/2020 í samráðsgátt stjórnvalda

Áform um frumvarp til laga um endurskoðun VII. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, o.fl.

Hagsmunasamtök heimilanna eru fylgjandi ofangreindum áformum og telja þau til þess fallin að bæta starfshætti kærustjórnvalda. Einkum og sér í lagi að heimild sjálfstæðra stjórnsýslunefnda til að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins verði færð í lög nr. 21/1994 þar að lútandi.

Kærunefnd útboðsmála leitaði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins í september 2019, með vísan til sérstakrar heimildar í 3. mgr. 108 laga um opinber innkaup nr. 120/2016, en það var í fyrsta skipti sem íslensk stjórnsýslunefnd hafði vísað máli til dómstólsins. Með dómi sínum 16. júlí 2020 í málinu nr. E-7/19, leysti dómstóllinn úr því hvort kærunefndin gæti talist “dómstóll eða réttur” (sjá 39.-43. mgr.) í skilningi 34. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Fram kom í úrlausninni að skipan kærunefndarinnar sé ákveðin með lögum, hún hafi varanlega tilvist, lögsaga hennar sé bindandi, hún sé sjálfstæð og beiti réttarreglum, auk þess sem málsmeðferð fyrir nefndinni svipaði til málsmeðferðar á milli aðila (*inter partes*) sem felur í sér úrlausn ágreiningsefna. Af þeim sökum teldist kærunefndin til “dómstóls eða réttar” í skilningi fyrrnefnds samningsákvæðis og beiðnin um ráðgefandi álit væri því tæk til efnismeðferðar. Sama dag kvað EFTA-dómstóllinn upp dóm í máli nr. E-8/19 þar sem komist var að samskonar niðurstöðu um kærunefnd útboðsmála í Noregi með enn ítarlegri rökum, gegn andmælum ríkisstjórnar Noregs (sjá 40.-54. mgr.).

Aftur á móti kom fram í úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála 13. október 2020 í máli nr. 11/2019 að nefndin hefði íhugaði að leita ráðgefandi álits EFTA dómstólsins (sjá 58. mgr.), en hætt við það þar sem hún taldi ekki fyrir að fara skýrri lagaheimild í íslenskum lögum til að óska eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins, gegn vilja kæranda. Að mati Hagsmunasamtaka heimilanna myndi það því auka skýrleika og fela í sér miklar réttarbætur að útrýma vafa í þessum efnum með því að kveða almennt á um slíka heimild í lögum nr. 21/1994. Ekki síst með tilliti til þess að flest lög á sviði neytendaréttar sem reynir á fyrir nefndinni eiga rætur að rekja til EES reglna.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is